



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1593*  
*komudagur 25. 4. 2005*

Reykjavík, 25. apríl 2005.

Allsherjarnefnd Alþingis  
vt. Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn varðandi frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum  
nr. 50/1993. Mál nr. 681.**

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 14. apríl sl., var Tryggingamiðstöðinni hf. sent til umsagnar frumvarp nefndarinnar til laga um breytingar á skaðabótalögum nr. 50/1993 með síðari breytingum. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 4. mgr. 5. gr. og 13. gr. laganna.

Tryggingamiðstöðin hf. tekur undir athugasemdir við efni frumvarpsins sem fram koma í umsögn Sambands íslenskra tryggingafélaga í bréfi þess til allsherjarnefndar nú í dag.

Ennfremur vill félagið áréttta að með þeim reiknistuðlum, sem notaðir eru við útreikning öroktjóns, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 37/1999 um breyting á þeim, er fundið brúttótjón tjónþola. Í anda þeirra uppgjorsreglna, sem giltu fyrir tíð skaðabótalaga og voru fyrirmynd breytinganna með lögum nr. 37/1999, skyldu dregnar frá bætur úr öðrum bótakerfum eins og kveðið er á um í 4. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 37/1999. Með þessu er höfð í heiðri sú meginregla íslensks skaðabótaréttar að bætur úr hendi bótaskylds aðila nemi raunverulegu fjártjóni þess er fyrir líkamstjóni verður. Þessari grundvallarreglu bótaréttarins er hins vegar kollvarpað með þeim breytingum á skaðabótalögum sem felast í frumvarpi því sem virðuleg allsherjarnefnd hefur nú lagt fyrir Alþingi.

Er algerlega ófært að frumvarpið verði að lögum óbreytt. Ef talinn er vera pólitískur vilji til að koma til móts við sjónarmið um að einhverra leiðréttinga sé þörf varðandi þær bætur úr almannatryggingakerfinu, sem koma til frádráttar hvort sem um er að tefla bætur fyrir varanlega örorku skv. 5. gr. eða bætur fyrir missi framfæranda skv. 13. gr., þá er lögð rík áhersla á að vandlega verði skoðað hvert sé eðli einstakra bótagunda og í hvaða tilvikum réttlæt看legt sé og sanngjarnt að þær komi ekki til frádráttar og þannig að sem minnst sé vikið frá meginreglunni um að rauntjón sé bætt í hverju tilviki. Sú leið sem farin er í umræddu frumvarpi virðist alls ekki hafa verið skoðuð til hlítar út frá þessari meginreglu.

Þá þykir ennfremur rétt, við þetta tækifæri, að vekja athygli á hnökrum sem er að finna á lögnum eins og þau eru nú og rétt er að lagfara, ef á annað borð verður ráðist í breytingar á þeim.

Má í því sambandi nefna að sú fjárhæð, 3.000.000 kr., sem tilgreind er í síðari másl. 13. gr. laganna sem lágmarksbætur fyrir missi framfæranda getur í raun ekki staðið óbreytt eftir að 2. mgr. greinarinnar var felld brott með 10. gr. laga nr. 37/1999. Að óbreyttum lögum stendur fjárhæðin óhöggud í öllum tilvikum án þess að lækkun stuðuls vegna aldurs skv. töflu þeirri, sem nú er að finna í 1. mgr. 6. gr. laganna, hafi þar áhrif á. Áður en 2. mgr. 13 gr. var felld brott lækkuðu bætur, þ. á m. lágmarksbæturnar, í samræmi við hækkandi aldur framfæranda (hins látna) umfram 26 ár eins og mælt var fyrir í 9. gr. laganna áður en henni var breytt með lögum nr. 37/1999. Með þeim lágmarkslaunum, sem nú er mælt fyrir um í 3. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 37/1999, má segja að téð ákvæði um lágmarksbætur fyrir missi framfæranda sé í reynd óþarft og megi því falla brott.

Þá má einnig geta þess að í 1. mgr. 15. gr. laganna er tilgreind 3. mgr. 7. gr., en sú tilgreining er ekki alls kostar rétt eftir þá breytingu sem gerð var á 7. gr. með 6. gr. laga nr. 37/1999. Eins og sjá má er hér nákvæmara og réttara að vísa til bæði 3. mgr. og 4. mgr. 7. gr., enda í báðum þessum málsgreinum tilgreindar fjárhæðir sem eiga að breytast í hlutfalli við breytingar á vísitölu skv. 15. gr.

Undirritaður er reiðubúinn að gera nánari grein fyrir sjónarmiðum félagsins varðandi frumvarpið og nauðsynlegar úrbætur á skaðabótalögnum, ef eftir því verður leitað.

Virðingarfyllst,  
**Tryggingamiðstöðin hf.**



Valgeir Pálsson hrl.,  
forstöðumaður lögfræðideildar.